

## X. KAFLI.

21  
22. mars*Almenn ákvæði.*

## 54. gr.

Öll brot gegn reglugjörð þessari, skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslu manni, og varða þau 5—500 kr. sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggji við lögum samkvæmt. Sektirnar renna hálfu til uppljóstrarmanns, og að hálfu í sjóð þess hrepps, þar sem þau eru framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skulu þau falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili að tiltölu. Með mál útaf brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 55. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi eldri reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, sem og önnur ákvæði, er koma í bág við reglugjörðina.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, og lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1922.

**Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. mars 1922.**

**Kl. Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Önnu Catrine Schiöth“, gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 22. mars 1922. Skipulagsskráin er þannig:

**Skipulagsskrá**22  
22. mars

fyrir

**„Minningarsjóð Önnu Catrine Schiöth“.**

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Önnu Catrine Schiöth“. Er hann stofnaður til minningar um konu mína, er andaðist 27. apríl síðastliðinn, og

**22** látinn bera nafn hennar. Hún unni mjög trjárækt og blómækt, eins og öllum  
 22. mars er kunnugt, er henni voru samtímis hjer í bænum.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur, en við það má bæta síðar, þó með því skilyrði, að innstæðan í heild sinni á hvaða tíma sem er, sje háð ákvæðum þessarar skipulagsskrár, og má aldrei skerða hana.

3. gr.

Fjórði hluti árlegra vaxta innstæðunnar skal jafnan leggjast við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum ársvaxtanna má verja til þess að fegra „Lystigarð Akureyrar“, eftir því sem stjórn Lystigarðsfjelagsins sjer best henta. Sje ekki árlega þörf á að nota þessa þrjá fjórðu hluti ársvaxtanna í nefndu augnamiði, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn í þau skifti.

4. gr.

Stofnfjeð er nú í skuldabryfi bæjarsjóðs Akureyrar frá 1920. Þegar það skuldabryf verður dregið út, eða útborgað, skal andvirði þess, ásamt því, sem stofnsjóðnum kann að hafa áskotnast, ávaxtað í þeirri lánsstofnun, er stjórn Lystigarðsins telur best fallna til þess að geyma innstæðu sjóðsins.

5. gr.

Stjórn „Lystigarðsfjelags Akureyrar“ hefir ávalt á hendi stjórn sjóðsins, annast um, að honum sje varið eftir fyrirmælum þessarar skipulagsskrár og semur árlega reikning hans, er jafnan skal leggjast fyrir aðalfund fjelagsins, til samþykkis.

Akureyri, 5. október 1921.

*H. Schiöth.*